

Nd.

557. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fiskimatsmönnum, sem náð hafa aldurshámarki samkv. lögum þessum, má veita undanþágu frá ári til árs, frá því að láta af starfi sínu, meðan viðkomandi yfirfiskimatsmaður mælir með undanþágunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.